

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign. Mál nr. 700.

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs harmar að stjórnvöld leggi fram svona viðamiklar breytingar á lögum um skyldutryggingar lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með alltof stuttum fyrirvara en fyrirhuguð lagasetning eykur auk þess flækjustig lífeyriskerfisins.

Fram hefur komið í yfirlýsingu stjórnvalda að hefja eigi vinnu að gerð grænbókar um lífeyriskerfi landsins en eðlilegra væri að ljúka þeirri vinnu, móta framtíðarsýn fyrir lífeyriskerfi og síðan ráðast í viðeigandi lagabreytingar.

Rétt er að taka sérstaklega fram að stofnaðilar sjóðsins, BSRB, BHM, KÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa ekki samið í sínum kjarasamningum um tilgreinda séreign.

Stjórn sjóðsins vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum:

1.gr. - hækkun tryggingaskyldu úr 16 til 18 ára aldurs

Í greinargerðinni er tiltekið að upphafsviðmiðunaraldur réttindaávinnslu til ellilífeyris eigi að hækka í 18 ár. Ekkert er minnst á upphafsviðmiðunaraldur réttindaávinnslu til áfallalífeyris, (örorku-, maka- og barnalífeyris), og því óljóst hver vilji löggjafans er hvað það varðar. Hækki upphafsviðmiðunaraldur réttindaávinnslu til áfallalífeyris uppí 18 ár er rétt að benda á eftirfarandi; vegna skilyrða framreiknings örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðunum má í raun segja að þeir einstaklingar sem fara á vinnumarkað 16 ára verði án örorkutryggingar fyrstu 5 ár á vinnumarkaði.

4. gr. - tilgreind séreign

Tilgreind séreign mun auka flækjustig lífeyriskerfisins sem er flókið fyrir. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að hinn almenni sjóðfélagi á erfitt með að átta sig á muninum á séreign og tilgreindri séreign og erfiðara verður fyrir hann að taka ákvarðanir um ráðstöfun iðgjalda og fyrirkomulag útgreiðslna. Ákvæði XVIII til bráðabirgða við lög nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða, sbr. lög nr. 127/2016 til breytinga á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, leiddi til þess að launagreiðendur greiddu sérstök framlög til þess að mæta jafnri ávinnslu sjóðfélaga í A deild Brúar lífeyrissjóðs. Nauðsynlegt er að sjóðurinn fái svigrúm til þess að skoða hvaða áhrif lögleiðing tilgreindrar séreignar hafi á sjóðinn og tryggingafræðilega stöðu hans. Útilokað er að lægri iðgjaldaprósenta standi undir jafnri ávinnslu eins og samþykktir eru í dag, en forsendur við breytingar á A deild og uppgjör launagreiðanda voru að mótframlag í samtryggingu til grundvallar jafnri ávinnslu yrði 11,5%. Rýna þarf heimildir sjóðsins til að heimila eða neita sjóðfélögum um jafna ávinnslu réttinda kjósi þeir að færa 3,5% af mótframlagi launagreiðanda í tilgreinda séreign. Hafa ber í huga í þessu samhengi að staða lífeyrisaukasjóðs A deildar sýnir nú þegar halla miðað við núverandi forsendur tryggingafræðilegrar athugunar. Of skammur fyrirvari er gefinn til framangreindrar vinnu miðað við fyrirhugaða gildistöku.

Allt frá stofnun Brúar lífeyrissjóðs, eða frá árinu 1998, hefur sjóðfélögum í V deild sjóðsins staðið til boða að ráðstafa iðgjaldi umfram 12% iðgjaldi í viðbótarlífeyrissparnað. Sjóðfélagar hafa því getað ráðstafað hluta af mótframlagi launagreiðanda, nú 3,5% í séreign. Af rúmlega 4.600 virkum sjóðfélögum í V deild nýta rúm 38% sjóðfélaga sér þennan valmöguleika eða rúmlega 1.700 sjóðfélagar. Ljóst er að verði frumvarpið að lögum munu forsendur V deildar sjóðsins breytast umtalsvert.

6.gr. - verðtrygging lífeyris

Stjórn sjóðsins furðar sig á þeirri tillögu um að verðbæta lífeyrinn aðeins einu sinni á ári og telur þau rök sem fram koma í greinargerðinni léttvæg. Auk þess er frumvarpið óljóst með hvernig framkvæmd á að vera, s.s. við útreikning verðbóta, við andlát sjóðfélaga eða við afturvirkar greiðslur örorkulífeyris svo dæmi séu tekin.

7. gr. - útgreiðsla tilgreindrar séreignar

Ákvæðið er ekki skýrt og má misskilja. Óljóst er hvort ætlunin sé að greiðslur skuli alltaf dreifast að lágmarki á fimm ár óháð lífeyristökaldri.

8. gr. - yfirlit og upplýsingar rafrænt til sjóðfélaga

Stjórn sjóðsins fagnar löngu tímabærri lagaheimild um að sjóðum verði heimilt að senda upplýsingar til sjóðfélaga með rafrænum hætti en slík breyting felur í sér verulega hagræðingu fyrir alla aðila.

14. gr. - tekjutenging almannatrygginga

Jákvætt er að skýrar verði kveðið á um það í lögum hvaða hluti iðgjalda hafi áhrif á greiðslur almannatrygginga, með það að markmiði að koma í veg fyrir mismunun milli greiðsluþega almannatrygginga.


20.gr. - gildistaka laganna


Alltof skammur fyrirvari er gefinn hvað varðar gildistöku og kallar stjórn Brúar lífeyrissjóðs eftir því að gildistökuári verði færður þannig að breytingarnar, utan breytinga um rafræna birtingu, taki gildi í fyrsta lagi 1. janúar 2022.

Þó svo að umsögn þessari sé skilað inn með ábendingum um það sem betur mætti fara við fyrirhugaða lagasetningu, leggur stjórn Brúar lífeyrissjóðs áherslu á að lögfesting frumvarpsins verði frestað og innihald frumvarpsins verði tekið fyrir í grænbókavinnu stjórnvalda sem unnin verði í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðina. Ef ekki er vilji til þess að hálfu stjórnvalda þá telur stjórn sjóðsins að rétt væri að skoða hvort ekki væri eðlilegt að lífeyrissjóðir hefði val um í samþykktum sínum um að bjóða sjóðfélögum að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í tilgreinda séreign eða viðbótarparnað.

Reykjavík, 27. apríl 2021

Fyrir hönd stjórnar Brúar lífeyrissjóðs,


Gerður Guðjónsdóttir
Framkvæmdastjóri


Þóra Jónsdóttir
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs